

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/2273****2018/EES/33/42**

frá 8. desember 2017

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 22. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Ákvæði 42. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 ⁽²⁾, eins og henni var breytt með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 836/2014 ⁽³⁾, heimila í sérstökum undantekningartilvikum fram til 31. desember 2017, við ákveðin skilyrði og ef lífrænt aldar unghænur standa ekki til boða, að flytja megi ólífrænt aldar unghænur til eggjaframleiðslu, sem eru ekki eldri en 18 vikna, inn í lífræna framleiðslueiningu.
- 2) Framleiðsla á lífrænt öldum unghænum til eggjaframleiðslu hefur ekki verið af nægum gæðum eða í nægu magni á markaði Sambandsins til að uppfylla þarfir bænda með varphænur. Í því skyni að gefa meiri tíma til að þróa framleiðslu á lífrænt öldum unghænum til eggjaframleiðslu ætti að framlengja gildistíma reglna um framleiðslu í sérstökum undantekningartilvikum að því er varðar að nota ólífrænt aldar unghænur til eggjaframleiðslu, sem eru ekki eldri en 18 vikna, til 31. desember 2018.
- 3) Ákvæði 43. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008, eins og henni var breytt með framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 836/2014, heimila í sérstökum undantekningartilvikum, fyrir almanaksárin 2015, 2016 og 2017, notkun á ólífrænu prótínfóðri fyrir svín og alifugla sem nemur að hámarki 5%.
- 4) Framboð á lífrænt ræktuðu prótíni í nægilegu magni og gæðum á markaði Sambandsins hefur ekki verið nægilegt til að uppfylla næringarþarfir svína og alifugla sem eru alin á lífrænum býlum. Framleiðslan á lífrænt ræktuðum prótínjurtum annar ennþá ekki eftirspurn. Því er rétt að framlengja tímabil undantekningarmöguleika, sem felst í notkun á takmörkuðu hlutfalli af ólífrænu prótínfóðri, til 31. desember 2018.
- 5) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 889/2008 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 889/2008 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað „31. desember 2017“ í b-lið 42. gr. komi dagsetningin „31. desember 2018“.
- 2) Í stað annarrar undirgreinar 43. gr. komi eftirfarandi:

„Mesta leyfilega hlutfall af ólífrænu prótínfóðri á hverju 12 mánaða tímabili fyrir þessar tegundir skal vera 5% fyrir almanaksárið 2018.“

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 326, 9.12.2017, bls. 42. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2018 frá 27. apríl 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 frá 5. september 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (Stjtið. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 836/2014 frá 31. júlí 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (Stjtið. ESB L 230 1.8.2014, bls. 10).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. desember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/97**2018/EES/33/43**

frá 22. janúar 2018

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun sætuefna í fint kaffibrauð (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr.,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ⁽²⁾, einkum 5. mgr. 7. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Þessa skrá má uppfæra í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 3) Framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu, á grundvelli upplýsinga sem aðildarríkin lögðu fram, að breyta ætti II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á E 950 asesúlfami K, E 951 aspartami, E 952 sýklamínsýru og natríum- og kalsíumsöltum hennar, E 954 sakkaríni og natríum-, kalíum- og kalsíumsöltum þess, E 955 súkralósa, E 959 neóhesperidíni DC, E 961 neótami, E 962 aspartam- og asesúlfamsöltum og E 969 advantami í „fint kaffibrauð sem er notað í sérstökum, næringarfræðilegum tilgangi“.
- 4) Notkun á sætuefnum í „fint kaffibrauð sem er notað í sérstökum, næringarfræðilegum tilgangi“ var leyfð með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/35/EB ⁽³⁾. Matvælin „fint kaffibrauð sem er notað í sérstökum, næringarfræðilegum tilgangi“ ná yfir „matvæli fyrir þá sem eru með röskun á kolvetnaefnaskiptum (sykursýki)“ sem reglur voru settar um með tilskipun ráðsins 89/398/EBE ⁽⁴⁾. Í þeirri tilskipun var fastsett sameiginleg skilgreining fyrir „matvæli til sérstakra, næringarlegra nota“ og kveðið á um að hægt væri að samþykkja sértæk ákvæði að því er varðar „matvæli fyrir þá sem eru með röskun á kolvetnaefnaskiptum (sykursýki)“, matvælaflokk sem fellur undir skilgreininguna á matvælum til sérstakra, næringarlegra nota.
- 5) Þó var vísindalegur grunnur fyrir því að setja sértækar kröfur varðandi samsetningu slíkra matvæla ekki til staðar, eins og komist var að raun um í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar ⁽⁵⁾ um matvæli fyrir þá sem eru með sykursýki. Enn fremur var hugtakið „matvæli til sérstakra, næringarlegra nota“, þ.m.t. „matvæli fyrir þá sem eru með röskun á kolvetnaefnaskiptum (sykursýki)“, afnumið með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 ⁽⁶⁾.
- 6) Þess vegna er leyfi fyrir þessum sætuefnum í „fint kaffibrauð sem er notað í sérstökum, næringarfræðilegum tilgangi“, í samræmi við c-lið 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008, ekki lengur réttlætlegt og ekki ætti að halda áfram að setja þessar vörur á markað.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 17, 23.1.2018, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2018 frá 27. apríl 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

(2) Stjttíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/35/EB frá 30. júní 1994 um sætuefni til notkunar í matvælum (Stjttíð. EB L 237, 10.9.1994, bls. 3).

(4) Tilskipun ráðsins 89/398/EBE frá 3. maí 1989 um samræmingu laga aðildarríkjanna um sérfaði (Stjttíð. EB L 186, 30.6.1989, bls. 27).

(5) „Report from the Commission to the European Parliament and the Council on foods for persons suffering from carbohydrate metabolism disorders (diabetes)“ (Skýrsla frá framkvæmdastjórninni til Evrópuþingsins og ráðsins um matvæli fyrir þá sem eru með röskun á kolvetnaefnaskiptum (sykursýki)) frá 1. júlí 2008 (COM(2008) 392 lokagerð).

(6) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 (Stjttíð. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35).

- 7) Enn fremur myndi samræmd beiting skilyrða fyrir leyfi fyrir notkun sætuefna tryggja skýrleika og eðlilega starfsemi innri markaðarins.
- 8) Þess vegna ætti að fella brott færslurnar fyrir matvælaaukefni E 950 asesúlfam K, E 951 aspartam, E 952 sýklamínsýru og natríum- og kalsíumsölt hennar, E 954 sakkharín og natríum-, kalíum- og kalsíumsölt þess, E 955 súkralósa, E 959 neóhesperidín DC, E 961 neótam, E 962 aspartam- og asesúlfamsalt og E 969 advantam sem eiga við um notkun í „Einungis fínt kaffibrauð sem er notað í sérstökum, næringarfræðilegum tilgangi“ í matvælaflokki 07.2, fínt kaffibrauð.
- 9) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 10) Til að gera rekstraraðilum kleift að aðlagast nýju reglunum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil þar sem heimilt er að setja fínt kaffibrauð sem er notað í sérstökum, næringarfræðilegum tilgangi, sem inniheldur einhver af þessum sætuefnum, á markað.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Fínt kaffibrauð sem er notað í sérstökum, næringarfræðilegum tilgangi, sem inniheldur E 950 asesúlfam K, E 951 aspartam, E 952 sýklamínsýru og natríum- og kalsíumsölt hennar, E 954 sakkharín og natríum-, kalíum- og kalsíumsölt þess, E 955 súkralósa, E 959 neóhesperidín DC, E 961 neótam, E 962 aspartam- og asesúlfamsalt og/eða E 969 advantam, sem var sett á markað á löglegan hátt fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, má áfram setja á markað þar til birgðir eru uppnar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. janúar 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

1. Í matvælaflokki 07.2, „fint kaffibrauð“, falli færslurnar fyrir matvælaaukefnum E 950 asesúlfam K, E 951 aspartam, E 952 sýklamínsýru og natríum- og kalsíumsölt hennar, E 954 sakkarín og natríum-, kalíum- og kalsíumsölt þess, E 955 súkralósa, E 959 neóhesperidín DC, E 961 neótam, E 962 aspartam- og asesúlfamsalt og E 969 advantam, að því er varðar notkun í „einungis fint kaffibrauð sem er notað í sérstökum, næringarfræðilegum tilgangi“, brott.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/98**2018/EES/33/44**

frá 22. janúar 2018

um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 og á viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar kalsíumsorbat (E 203) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr. og 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvælaaukefni, matvælaensím, matvælabragðefni, næringarefni og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 ⁽²⁾ er mælt fyrir um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.
- 4) Kalsíumsorbat (E 203) er efni sem er leyft sem rotvarnarefni í margs konar matvæli, sem og í matvælaaitarefnablöndur og matvælabragðefni, í samræmi við II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.
- 5) Í 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008 er kveðið á um að Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) skuli gera nýtt áhættumat á öllum matvælaaukefnum sem voru þegar leyfð í Sambandinu fyrir 20. janúar 2009.
- 6) Í því skyni er mælt fyrir um áætlun um endurmat á matvælaaukefnum í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 257/2010 ⁽³⁾. Samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 257/2010 verður endurmati á rotvarnarefnum að vera lokið eigi síðar en 31. desember 2015.
- 7) Hinn 30. júní 2015 skilaði Matvælaöryggisstofnunin vísindalegu álitinu um endurmat á sorbínsýru (E 200), kalíumsorbat (E 202) og kalsíumsorbat (E 203) sem matvælaaukefnum ⁽⁴⁾. Í álitinu kom fram að það vantaði gögn um erfðaeiturhrif kalsíumsorbats. Af þessum sökum gat Matvælaöryggisstofnunin ekki staðfest öryggi kalsíumsorbats sem matvælaaukefnis og komst að þeirri niðurstöðu að útiloka ætti efnið úr þeim flokki ásættanlegrar, daglegrar inntöku sem er skilgreindur fyrir sorbínsýru (E 200) og kalíumsorbat (E 202). Í álitinu kom fram að það verði að gera rannsóknir á erfðaeiturhrifum kalsíumsorbats svo hægt sé að taka til athugunar að fella kalsíumsorbat undir þennan flokk ásættanlegrar, daglegrar inntöku.
- 8) Hinn 10. júní 2016 auglýsti Matvælaöryggisstofnunin opinberlega eftir vísindalegum og tæknilegum gögnum um sorbínsýru (E 200), kalíumsorbat (E 202) og kalsíumsorbat (E 203) ⁽⁵⁾ sem beint var að þeim gagnapörfum sem voru tilgreindar í vísindalega álitinu um endurmat á þessum efnum sem matvælaaukefnum. Þó var enginn rekstraraðili reiðubúinn til að leggja fram umbeðin erfðaeiturhrifagögn um kalsíumsorbat (E 203). Matvælaöryggisstofnunin getur ekki lokið við endurmat á öryggi kalsíumsorbats sem matvælaaukefni án þessara gagna og þar af leiðandi er ekki hægt að ákvarða hvort efnið uppfyllir ennþá skilyrðin fyrir því, skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008, að vera með í skrá Evrópusambandsins yfir samþykkt matvælaaukefni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 17, 23.1.2018, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2018 frá 27. apríl 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtið. ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 257/2010 frá 25. mars 2010 um að koma á fót áætlun um endurmat á samþykktum aukefnum í matvælum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 um aukefni í matvælum (Stjtið. ESB. L 80, 26.3.2010, bls. 19).

⁽⁴⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(6), 4144.

⁽⁵⁾ http://ec.europa.eu/food/safety/food_improvement_agents/additives/re-evaluation_en

- 9) Því er rétt að fjarlægja kalsíumsorbat (E 203) úr skrá Evrópusambandsins yfir samþykkt matvælaaukefni.
- 10) Samkvæmt 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008 skal breyta skrá Evrópusambandsins yfir samþykkt matvælaaukefni í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ⁽¹⁾.
- 11) Í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 er kveðið á um að uppfæra megi skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 12) Af þeim sökum ætti að breyta II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 og viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 með því að fella kalsíumsorbat (E 203) af skrá Evrópusambandsins yfir leyfð matvælaaukefni sökum þess að ekki er lengur hægt að rökstyðja færslu þess í skránni vegna þess að viðeigandi gögn um erfðaeiturhrif liggja ekki fyrir.
- 13) Til þess að gera stjórnendum matvælafyrirtækja kleift að aðlagast nýju kröfunum eða finna staðgöngukosti fyrir kalsíumsorbat (E 203) ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda sex mánuðum eftir gildistöku hennar.
- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Færslan fyrir matvælaaukefnið E 203, kalsíumsorbat, í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 falli brott.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 12. ágúst 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. janúar 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjttð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

VIÐAUKI

1) Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

a) Í töflu 3 í B-hluta: „Matvælaaukefni önnur en litarefni og sætuefni“, falli færslan fyrir matvælaaukefnið E 203, kalsíumsorbat, brott.

b) Töflu 5 í C-hluta: Önnur aukefni sem leyfilegt er að hafi sameiginleg hámarksgildi, er breytt sem hér segir:

i. Í stað a-liðar „E 200–203: Sorbínsýra — sorböt (SA)“ komi eftirfarandi:

„a) E 200–202: Sorbínsýra — kalíumsorbat (SA)

E-númer	Heiti
E 200	Sorbínsýra
E 202	Kalíumsorbat“

ii. Í c-lið „E 200–213: Sorbínsýra — sorböt; bensósýra — bensóöt (SA + BA)“ falli færslan fyrir matvælaaukefni E 203, kalsíumsorbat, brott.

iii. Í d-lið „E 200–219: Sorbínsýra — sorböt; bensósýra — bensóöt; p-hýdroxýbensóöt (SA + BA + PHB)“ falli færslan fyrir matvælaaukefni E 203, kalsíumsorbat, brott.

iv. Í stað e-liðar „E 200–203; 214–219: Sorbínsýra — sorböt; p-hýdroxýbensóöt (SA + PHB)“ komi eftirfarandi:

„e) E 200–202; 214–219: Sorbínsýra — kalíumsorbat; p-hýdroxýbensóöt (SA + PHB)

E-númer	Heiti
E 200	Sorbínsýra
E 202	Kalíumsorbat
E 214	Etýl-p-hýdroxýbensóat
E 215	Natríumetýl-p-hýdroxýbensóat
E 218	Metýl-p-hýdroxýbensóat
E 219	Natríummetýl-p-hýdroxýbensóat“

c) Ákvæðum E-hluta er breytt sem hér segir:

1. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) í flokki 01.3 (Óbragðbættar gerjaðar mjólkurafurðir sem eru hitameðhöndlaðar eftir gerjun) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	1 000	(1) (2)	Einungis hleypt mjólk“
------------	---------------------------	-------	---------	------------------------

2. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–213 (Sorbínsýra – sorböt; bensósýra – bensóöt) í flokki 01.4 (Bragðbættar, gerjaðar mjólkurvörur, þ.m.t. hitameðhöndlaðar vörur) komi eftirfarandi:

„E 200–213	Sorbínsýra – kalíumsorbat; bensósýra – bensóöt	300	(1) (2)	Einungis eftirréttir, að stofni til úr mjólkurafurðum, sem eru ekki hitameðhöndlaðir“
------------	--	-----	---------	---

3. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) í flokki 01.7.1 (Óþroskaður ostur að undanskildum afurðum sem falla undir flokk 16) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	1 000	(1) (2) ^{cc}	
------------	---------------------------	-------	-----------------------	--

4. Í stað færslanna sem varða matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) í flokki 01.7.2 (Þroskaður ostur) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	1 000	(1) (2)	Einungis forpakkaður, sneiddur og skorinn ostur; lagskiptur ostur og ostur með viðbættum matvælum
E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	<i>eftir þörfum</i>		Einungis til yfirborðsmeðferðar á þroskuðum afurðum ^{cc}

5. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) í flokki 01.7.4 (Mysuostur) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	1 000	(1) (2)	Einungis forpakkaður og sneiddur ostur; lagskiptur ostur og ostur með viðbættum matvælum ^{cc}
------------	---------------------------	-------	---------	--

6. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) í flokki 01.7.5 (Bræddur ostur) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	2 000	(1) (2) ^{cc}	
------------	---------------------------	-------	-----------------------	--

7. Í stað færslanna sem varða matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) í flokki 01.7.6 (Ostaafurðir (að undanskildum afurðum sem falla undir flokk 16)) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	1 000	(1) (2)	Einungis óþroskaðar afurðir; þroskaðar afurðir, forpakkaðar, sneiddar; lagskiptar þroskaðar afurðir og þroskaðar afurðir með viðbættum matvælum
E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	<i>eftir þörfum</i>		Einungis til yfirborðsmeðferðar á þroskuðum afurðum ^{cc}

8. Í stað færslanna sem varða matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) í flokki 01.8 (Mjólkurvöruhliðstæður, þ.m.t. þurrmjólkurlíki) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	2 000	(1) (2)	Einungis ostahliðstæður, að stofni til úr prótínum
E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	<i>eftir þörfum</i>	(1) (2)	Einungis ostahliðstæður (einungis til yfirborðsmeðferðar) ^{cc}

9. Í stað færslanna sem varða matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) í flokki 02.2.2 (Aðrar ýrðar fitu- og olíulausnir, þ.m.t. smurálegg eins og skilgreint er í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007, og fljótandi ýrulausnir) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	1 000	(1) (2)	Einungis ýrðar fitulausnir (þó ekki smjör) með 60% fituinnihaldi eða meira
E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	2 000	(1) (2)	Einungis ýrðar fitulausnir með minna en 60% fituinnihaldi“

10. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) í flokki 04.1.1 (Heil fersk aldin og grænmeti) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	20		Einungis til yfirborðsmeðferðar á óflysjuðum ferskum sítrus-ávöxtum“
------------	---------------------------	----	--	--

11. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) í flokki 04.2.1 (Þurrkuð aldin og grænmeti) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	1 000	(1) (2)	Einungis þurrkuð aldin“
------------	---------------------------	-------	---------	-------------------------

12. Flokki 04.2.2 (Aldin og grænmeti í ediki, olíu eða saltlegi) er breytt sem hér segir:

- i. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–213 (Sorbínsýra – sorböt; bensósýra – bensóöt) komi eftirfarandi:

„E 200–213	Sorbínsýra – kalíumsorbat; bensósýra – bensóöt	2 000	(1) (2)	Einungis grænmeti (að undanskildum olífum)“
------------	--	-------	---------	---

- ii. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	1 000	(1) (2)	Einungis olífur og blöndur, að stofni til úr olífum“
------------	---------------------------	-------	---------	--

- iii. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–213 (Sorbínsýra – sorböt; bensósýra – bensóöt) komi eftirfarandi:

„E 200–213	Sorbínsýra – kalíumsorbat; bensósýra – bensóöt	1 000	(1) (2)	Einungis olífur og blöndur, að stofni til úr olífum“
------------	--	-------	---------	--

13. Flokki 04.2.4.1 (Aldina- og grænmetisblöndur, að undanskildu ávaxtamauki) er breytt sem hér segir:

- i. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	1 000	(1) (2)	Einungis aldin- og grænmetisblöndur, þ.m.t. blöndur sem eru að stofni til úr þangi og þara, sósar sem eru að stofni til úr aldinum, bragðbætt hlaup úr kjöt- eða fisksoði, þó ekki mauk, búðingar, ávaxtamauk, salöt og áþekkar afurðir, niðursoðnar í dósir eða krukku“
------------	---------------------------	-------	---------	--

- ii. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–213 (Sorbínsýra – sorböt; bensósýra – bensóöt) komi eftirfarandi:

„E 200–213	Sorbínsýra – kalíumsorbat; bensósýra – bensóöt	1 000	(1) (2)	Einungis blöndur, að stofni til úr ólífum“
------------	--	-------	---------	--

14. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–213 (Sorbínsýra – sorböt; bensósýra – bensóöt) í flokki 04.2.5.1 (Sultur í sérflokki og hlaup í sérflokki eins og skilgreint er í tilskipun 2001/113/EB) komi eftirfarandi:

„E 200–213	Sorbínsýra – kalíumsorbat; bensósýra – bensóöt	1 000	(1) (2)	Einungis afurðir með lítið sykurinnihald og svipaðar afurðir sem eru hitaeningasnauðar eða sykurlausar, <i>mermeladas</i> “
------------	--	-------	---------	---

15. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–213 (Sorbínsýra – sorböt; bensósýra – bensóöt) í flokki 04.2.5.2 (Sultur, hlaup og marmelaði og sykrað kastaníuhnetumauk eins og skilgreint er í tilskipun 2001/113/EB) komi eftirfarandi:

„E 200–213	Sorbínsýra – kalíumsorbat; bensósýra – bensóöt	1 000	(1) (2)	Einungis afurðir með lítið sykurinnihald og svipaðar afurðir sem eru hitaeningasnauðar eða sykurlausar, smurálegg, <i>mermeladas</i> “
------------	--	-------	---------	--

16. Í stað færslunnar sem varða matvælaaukefni E 200–213 (Sorbínsýra – sorböt; bensósýra – bensóöt) í flokki 04.2.5.3 (Annað sambærilegt smurálegg úr aldinum eða grænmeti) komi eftirfarandi:

„E 200–213	Sorbínsýra – kalíumsorbat; bensósýra – bensóöt	1 000	(1) (2)	Annað smurálegg, að stofni til úr aldinum, <i>mermeladas</i>
E 200–213	Sorbínsýra – kalíumsorbat; bensósýra – bensóöt	1 500	(1) (2)	Einungis <i>marmelada</i> “

17. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) í flokki 04.2.6 (Unnar kartöfluaufurðir) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	2 000	(1) (2)	Einungis kartöfludeig og forsteiktar kartöflusneiðar“
------------	---------------------------	-------	---------	---

18. Flokki 05.2 (Annað sælgæti, þ.m.t. smátöflur sem gefa frískandi andardrátt) er breytt sem hér segir:

- i. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–219 (Sorbínsýra – sorböt; bensósýra – bensóöt; p-hýdroxýbensóöt) komi eftirfarandi:

„E 200–219	Sorbínsýra – kalíumsorbat; bensósýra – bensóöt; p-hýdroxýbensóöt	1 500	(1) (2) (5)	Að undanteknu sykrudum, kristölluðum eða sykurgljáðum aldinum og grænmeti“
------------	--	-------	-------------	--

- ii. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–213 (Sorbínsýra – sorböt; bensósýra – bensóöt) komi eftirfarandi:

„E 200–213	Sorbínsýra – kalíumsorbat; bensósýra – bensóöt	1 000	(1) (2)	Einungis sykrud, kristölluð eða sykurgljáð aldin og grænmeti“
------------	---	-------	---------	---

19. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–213 (Sorbínsýra – sorböt; bensósýra – bensóöt) í flokki 05.3 (Tyggigúmmi) komi eftirfarandi:

„E 200–213	Sorbínsýra – kalíumsorbat; bensósýra – bensóöt	1 500	(1) (2)“	
------------	---	-------	----------	--

20. Flokki 05.4 (Skreytingar, hjúpur og fyllingar, að undanskildum fyllingum sem eru að stofni til úr aldinum og falla undir flokk 4.2.4) er breytt sem hér segir:

- i. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	1 000	(1) (2)	Einungis ofanálag (síróp á pönnukökur, bragðbætt síröp í mjólkurhristing og ís; svipaðar vörur)“
------------	---------------------------	-------	---------	--

- ii. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–219 (Sorbínsýra – sorböt; bensósýra – bensóöt; p-hýdroxybensóöt) komi eftirfarandi:

„E 200–219	Sorbínsýra – kalíumsorbat; bensósýra – bensóöt; p- hýdroxybensóöt	1 500	(1) (2) (5)“	
------------	---	-------	--------------	--

21. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) í flokki 06.4.4 (Kartöflubollur (ít. *gnocchi*)) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	1 000	(1)“	
------------	---------------------------	-------	------	--

22. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) í flokki 06.4.5 (Fyllingar í fylltu pasta (*ravioli* (ít.) og svipað)) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	1 000	(1) (2)“	
------------	---------------------------	-------	----------	--

23. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) í flokki 06.6 (Soppur) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	2 000	(1) (2)“	
------------	---------------------------	-------	----------	--

24. Í stað færslunnar sem varða matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) í flokki 06.7 (Forsóðnar eða unnar kornvörur) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	200	(1) (2)	Einungis maísmjöl
E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	2 000	(1) (2)	Einungis <i>Semmelknödelteig</i> “

25. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) í flokki 07.1 (Brauð og smábrauð) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	2 000	(1) (2)	Einungis forpakkað, sneitt brauð og rúgbrauð, hálfbakað og forpakkað kaffibrauð til smásölu og orkusnautt brauð ætlað til smásölu“
------------	---------------------------	-------	---------	--

26. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) í flokki 07.2 (Fínt kaffibrauð) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	2 000	(1) (2)	Einungis fínt kaffibrauð með meira en 0,65 vatnsvirkni“
------------	---------------------------	-------	---------	---

27. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–219 (Sorbínsýra – sorböt; bensósýra – bensóöt; p-hýdroxýbensóöt) í flokki 08.3.1 (Kjötafurðir sem ekki eru hitameðhöndlaðar) komi eftirfarandi:

„E 200–219	Sorbínsýra – kalíumsorbat; bensósýra – bensóöt; p-hýdroxýbensóöt	<i>eftir þörfum</i>	(1) (2)	Einungis yfirborðsmeðferð á þurrkuðum kjötvörum“
------------	--	---------------------	---------	--

28. Flokki 08.3.2 (Hitameðhöndlaðar kjötafurðir) er breytt sem hér segir:

- i. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–203; 214–219 (Sorbínsýra – sorböt; p-hýdroxýbensóöt) komi eftirfarandi:

„E 200–202; 214–219	Sorbínsýra – kalíumsorbat; p-hýdroxýbensóöt	1 000	(1) (2)	Einungis finar kæfur“
---------------------	---	-------	---------	-----------------------

- ii. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	1 000	(1) (2)	Einungis bragðbætt hlaup úr kjöt- eða fisksoði (e. <i>aspic</i>)“
------------	---------------------------	-------	---------	--

- iii. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–219 (Sorbínsýra – sorböt; bensósýra – bensóöt; p-hýdroxýbensóöt) komi eftirfarandi:

„E 200–219	Sorbínsýra – kalíumsorbat; bensósýra – bensóöt; p-hýdroxýbensóöt	<i>eftir þörfum</i>	(1) (2)	Einungis yfirborðsmeðferð á þurrkuðum kjötvörum“
------------	--	---------------------	---------	--

29. Flokki 08.3.3 (Garnir og gervigarnir, þekjuefni og skraut fyrir kjöt) er breytt sem hér segir:

- i. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	<i>eftir þörfum</i>		Einungis gervigarnir, sem eru að stofni til úr kollageni, með vatnsvirkni yfir 0,6“
------------	---------------------------	---------------------	--	---

- ii. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–203; 214–219 (Sorbínsýra – sorböt; p-hýdroxybensóöt) komi eftirfarandi:

„E 200–202; 214–219	Sorbínsýra – kalíumsorbat; p-hýdroxybensóöt	1 000	(1) (2)	Einungis hlaup yfir kjötafurðir (soðnar, verkaðar eða þurrkaðar)“
------------------------	---	-------	---------	---

30. Flokki 09.2 (Unninn fiskur og lagarafurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr) er breytt sem hér segir:

- i. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	1 000	(1) (2)	Bragðbætt hlaup úr kjöt- eða fisksoði“
------------	---------------------------	-------	---------	--

- ii. Í stað færslanna sem varða matvælaaukefni E 200–213 (Sorbínsýra – sorböt; bensósýra – bensóöt) komi eftirfarandi:

„E 200–213	Sorbínsýra – kalíumsorbat; bensósýra – bensóöt	200	(1) (2)	Einungis saltaður, þurrkaður fiskur
E 200–213	Sorbínsýra – kalíumsorbat; bensósýra – bensóöt	2 000	(1) (2)	Einungis niðurlagður fiskur og lagarafurðir, þ.m.t. krabbadýr, lindýr, súrími og mauk úr fiski/krabbadýrum; soðin krabbadýr og lindýr
E 200–213	Sorbínsýra – kalíumsorbat; bensósýra – bensóöt	6 000	(1) (2)	Einungis soðnar rækjur af tegundunum <i>Crangon crangon</i> og <i>Crangon vulgaris</i> “

31. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–213 (Sorbínsýra – sorböt; bensósýra – bensóöt) í flokki 09.3 (Fiskhrogn) komi eftirfarandi:

„E 200–213	Sorbínsýra – kalíumsorbat; bensósýra – bensóöt	2 000	(1) (2)	Einungis niðurlagðar fiskafurðir, þ.m.t. afurðir úr fiskhrognum“
------------	--	-------	---------	--

32. Flokki 10.2 (Unnin egg og eggjaafurðir) er breytt sem hér segir:

- i. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	1 000	(1) (2)	Einungis vatnssneyddar og þykktar, frystar og djúpfrystar eggjaafurðir“
------------	---------------------------	-------	---------	---

- ii. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–213 (Sorbínsýra – sorböt; bensósýra – bensóöt) komi eftirfarandi:

„E 200–213	Sorbínsýra – kalíumsorbat; bensósýra – bensóöt	5 000	(1) (2)	Einungis egg í fljótandi formi (eggjahvíta, -rauða eða heilt egg)“
------------	--	-------	---------	--

33. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–219 (Sorbínsýra – sorböt; bensósýra – bensóöt; p-hýdroxybensóöt) í flokki 11.4.1 (Borðsætuefni í fljótandi formi) komi eftirfarandi:

„E 200–219	Sorbínsýra – kalíumsorbat; bensósýra – bensóöt; p-hýdroxybensóöt	500	(1) (2)	Einungis ef vatnsinnihald er meira en 75%“
------------	--	-----	---------	--

34. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–213 (Sorbínsýra – sorböt; bensósýra – bensóöt) í flokki 12.2.2 (Kryddblöndur og bragðbætar) komi eftirfarandi:

„E 200–213	Sorbínsýra – kalíumsorbat; bensósýra – bensóöt	1 000	(1) (2)“	
------------	--	-------	----------	--

35. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–213 (Sorbínsýra – sorböt; bensósýra – bensóöt) í flokki 12.4 (Sinnep) komi eftirfarandi:

„E 200–213	Sorbínsýra – kalíumsorbat; bensósýra – bensóöt	1 000	(1) (2)“	
------------	--	-------	----------	--

36. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–213 (Sorbínsýra – sorböt; bensósýra – bensóöt) í flokki 12.5 (Súpur og seyði) komi eftirfarandi:

„E 200–213	Sorbínsýra – kalíumsorbat; bensósýra – bensóöt	500	(1) (2)	Einungis súpur og seyði í fljótandi formi (ekki niðursoðin)“
------------	--	-----	---------	--

37. Flokki 12.6 (Sósur) er breytt sem hér segir:

- i. Í stað færslanna sem varða matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	1 000	(1) (2)	Einungis ýrðar sósur með 60% fituinnihald eða meira
E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	2 000	(1) (2)	Einungis ýrðar sósur með minna en 60% fituinnihald“

- ii. Í stað færslanna sem varða matvælaaukefni E 200–213 (Sorbínsýra – sorböt; bensósýra – bensóöt) komi eftirfarandi:

„E 200–213	Sorbínsýra – kalíumsorbat; bensósýra – bensóöt	1 000	(1) (2)	Einungis ýrðar sósur með 60% fituinnihald eða meira; óýrðar sósur
E 200–213	Sorbínsýra – kalíumsorbat; bensósýra – bensóöt	2 000	(1) (2)	Einungis ýrðar sósur með minna en 60% fituinnihald“

38. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–213 (Sorbínsýra – sorböt; bensósýra – bensóöt) í flokki 12.7 (Salöt og ósætt smurálegg) komi eftirfarandi:

„E 200–213	Sorbínsýra – kalíumsorbat; bensósýra – bensóöt	1 500	(1) (2) ^{cc}	
------------	---	-------	-----------------------	--

39. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) í flokki 12.9 (Prótínafurðir, að undanskildum afurðum sem falla undir flokk 1.8) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	2 000	(1) (2)	Einungis kjöt-, fisk-, krabbadýra-, smokka- og ostahliðstæður, að stofni til úr prótíni ^{cc}
------------	---------------------------	-------	---------	---

40. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–213 (Sorbínsýra – sorböt; bensósýra – bensóöt) í flokki 13.2 (Sérfæða sem er notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er í tilskipun 1999/21/EB (að undanskildum vörum í matvælaflokki 13.1.5)) komi eftirfarandi:

„E 200–213	Sorbínsýra – kalíumsorbat; bensósýra – bensóöt	1 500	(1) (2) ^{cc}	
------------	---	-------	-----------------------	--

41. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–213 (Sorbínsýra – sorböt; bensósýra – bensóöt) í flokki 13.3 (Sérfæða til að stýra þyngd sem á að koma í staðinn fyrir allan matarskammt dagsins eða stakar máltíðir (í heild sinni eða hluta daglegrar fæðu)) komi eftirfarandi:

„E 200–213	Sorbínsýra – kalíumsorbat; bensósýra – bensóöt	1 500	(1) (2) ^{cc}	
------------	---	-------	-----------------------	--

42. Flokki 14.1.2 (Aldinsafar eins og skilgreint er í tilskipun 2001/112/EB og grænmetissafar) er breytt sem hér segir:

- i. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	500	(1) (2)	Einungis Sød ... saft og sædet ... saft ^{cc}
------------	---------------------------	-----	---------	---

- ii. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–213 (Sorbínsýra – sorböt; bensósýra – bensóöt) komi eftirfarandi:

„E 200–213	Sorbínsýra – kalíumsorbat; bensósýra – bensóöt	2 000	(1) (2)	Einungis þrúgusafi, ógerjaður, til notkunar við kirkjulegar athafnir ^{cc}
------------	---	-------	---------	--

43. Í stað færslunnanna sem varða matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) í flokki 14.1.3 (Aldinnektar eins og skilgreint er í tilskipun 2001/112/EB og grænmetisnektar og svipaðar vörur) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	250	(1) (2)	Einungis hefðbundin sænsk ávaxtasíróp, hámarkið gildir ef E 210–213, bensósýra — bensóöt, eru einnig notuð ^{cc}
E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	300	(1) (2)	Einungis hefðbundin sænsk og finnsk ávaxtasíróp ^{cc}

44. Í stað færslunnar sem varða matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) í flokki 14.1.4 (Bragðbættar drykkjarvörur) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	250	(1) (2)	Hámarkið gildir ef E 210–213, bensósýra — bensóöt, eru einnig notuð
E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	300	(1) (2)	Að undanskildum drykkjum sem eru að stofni til úr mjólkur-afurðum“

45. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–213 (Sorbínsýra – sorböt; bensósýra – bensóöt) í flokki 14.1.5.2 (Annað) komi eftirfarandi:

„E 200–213	Sorbínsýra – kalíumsorbat; bensósýra – bensóöt	600	(1) (2)	Einungis teþykkni í fljótandi formi og fljótandi ávaxta- og jurtaseyðisþykkni“
------------	--	-----	---------	--

46. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) í flokki 14.2.1 (Bjór og maltdrykkir) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	200	(1) (2)	Einungis bjór á tunnum sem inniheldur meira en 0,5% af viðbættum, gerjanlegum sykri og/eða ávaxtasafa eða -þykkni“
------------	---------------------------	-----	---------	--

47. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) í flokki 14.2.2 (Vín og aðrar afurðir sem skilgreindar eru í reglugerð (EB) nr. 1234/2007, ásamt hliðstæðum óáfengum drykkjum) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	200	(1) (2)	Einungis óáfengar vörur“
------------	---------------------------	-----	---------	--------------------------

48. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) í flokki 14.2.3 (Eplásítri og perusítri) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	200	(1) (2)“	
------------	---------------------------	-----	----------	--

49. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) í flokki 14.2.4 (Ávaxtavín og gervivín (e. *made wine*)) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	200	(1) (2)“	
------------	---------------------------	-----	----------	--

50. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) í flokki 14.2.5 (Mjöður) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	200	(1) (2)“	
------------	---------------------------	-----	----------	--

51. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) í flokki 14.2.7.1 (Kryddvín) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	200	(1) (2)“	
------------	---------------------------	-----	----------	--

52. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) í flokki 14.2.7.2 (Drykkir, að stofni til úr kryddvíni) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	200	(1) (2)“	
------------	---------------------------	-----	----------	--

53. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) í flokki 14.2.7.3 (Hanastél, blönduð með kryddvíni) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	200	(1) (2)“	
------------	---------------------------	-----	----------	--

54. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) í flokki 14.2.8 (Aðrir áfengir drykkir, þ.m.t. blöndur úr áfengum og óáfengum drykkjum og brenndir drykkir með alkóhólinnihald undir 15%) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	200	(1) (2)	einungis áfengir drykkir með alkóhólinnihald undir 15% og <i>nalewka na winie owocowym, aromatyzowana nalewka na winie owocowym, nalewka na winie z soku winogronowego, aromatyzowana nalewka na winie z soku winogronowego, napój winny owocowy lub miodowy, aromatyzowany napój winny owocowy lub miodowy, wino owocowe niskoalkoholowe og aromatyzowane wino owocowe niskoalkoholowe</i> “
------------	---------------------------	-----	---------	---

55. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–203; 214–219 (Sorbínsýra – sorböt; p-hýdroxýbensóöt) í flokki 15.1 (Nasl sem er að stofni til úr kartöflum, korni, hveiti eða sterkju) komi eftirfarandi:

„E 200–202; 214–219	Sorbínsýra – kalíumsorbat; p-hýdroxýbensóöt	1 000	(1) (2) (5)“	
---------------------	---	-------	--------------	--

56. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–203; 214–219 (Sorbínsýra – sorböt; p-hýdroxýbensóöt) í flokki 15.2 (Unnar hnetur) komi eftirfarandi:

„E 200–202; 214–219	Sorbínsýra – kalíumsorbat; p-hýdroxýbensóöt	1 000	(1) (2) (5)	Einungis húðaðar hnetur“
---------------------	---	-------	-------------	--------------------------

57. Flokki 16 (Eftirréttir að undanskildum afurðum sem falla í flokk 1, 3 og 4) er breytt sem hér segir:

- i. Í stað færslanna sem varða matvælaaukefni E 200–203 (Sorbínsýra – sorböt) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	1 000	(1) (2)	Einungis <i>frugtgrød, rote Grütze og pasha</i>
E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat	2 000	(1) (2)	Einungis <i>ostkaka</i> “

- ii. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–213 (Sorbínsýra – sorböt; bensósýra – bensóöt) komi eftirfarandi:

„E 200–213	Sorbínsýra – kalíumsorbat; bensósýra – bensóöt	300	(1) (2)	Einungis eftirréttir, að stofni til úr mjólkurafurðum, sem eru ekki hitameðhöndlaðir“
------------	---	-----	---------	---

58. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–213 (Sorbínsýra – sorböt; bensósýra – bensóöt) í flokki 17.1 (Fæðubótarefni gefin í föstu formi, þ.m.t. hylki og töflur og svipuð form, að undanskildum tyggjanlegum formum) komi eftirfarandi:

„E 200–213	Sorbínsýra – kalíumsorbat; bensósýra – bensóöt	1 000	(1) (2)	Einungis þegar seld í þurrkuðu formi og innihalda tilreitt A-vítamín og samsetningar af A- og D-vítamíni“
------------	---	-------	---------	---

59. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 200–213 (Sorbínsýra – sorböt; bensósýra – bensóöt) í flokki 17.2 (Fæðubótarefni gefin í fljótandi formi) komi eftirfarandi:

„E 200–213	Sorbínsýra – kalíumsorbat; bensósýra – bensóöt	2 000	(1) (2)“	
------------	---	-------	----------	--

- 2) Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

- a) Í stað færslunnar sem varða matvælaaukefni E 200–203, E 210, E 211 og E 212 í 2. hluta (Matvælaaukefni, önnur en burðarefni í matvælaaukefni) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra – kalíumsorbat (tafla 2 í 6. hluta)	1 500 mg/kg af hverju efni fyrir sig eða í samsetningum í efnablöndunni 15 mg/kg í fullunnu vörunni, gefið upp sem óbundin sýra	Litarefnablöndur“
E 210	Bensósýra		
E 211	Natríumbensóat		
E 212	Kalíumbensóat		

- b) Í stað færslunnar sem varða matvælaaukefni E 200–203, E 210, E 211, E 212 og E 213 í 4. hluta (Matvælaaukefni, þ.m.t. burðarefni í matvælabragðefni) komi eftirfarandi:

„E 200–202	Sorbínsýra og kalíumsorbat (tafla 2 í 6. hluta)	Öll bragðefni	1 500 mg/kg (af hverju efni fyrir sig eða í samsetningum, gefið upp sem óbundin sýra) í bragðefnum“
E 210	Bensósýra		
E 211	Natríumbensóat		
E 212	Kalíumbensóat		
E 213	Kalsíumbensóat		

- c) Í stað töflu 2 (tafla 2: sorbínsýra – sorböt) í 6. hluta (Skilgreiningar á flokkum matvælaaukefna að því er varðar 1. til 5. hluta) komi eftirfarandi:

„*Tafla 2*

Sorbínsýra – kalíumsorbat

E-númer	Heiti
E 200	Sorbínsýra
E 202	Kalíumsorbat“